

## **Hringvegur, Valtýskambur – Sandbrekka. Djúpavogshreppur. Ákvörðun um matsskyldu**

### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endur- og nýbygging Hringvegar frá Valtýskambi að Sandbrekku sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag á framkvæmdasvæðinu þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. mars 2008.

## INNGANGUR

Þann 21. desember 2008 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar endur- og nýbyggingu rúmlega 5 km vegarkafla á Hringvegi frá Valtýskambi að Sandbrekku í Djúpavogshreppi. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Djúpavogshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, veiðimálastjórnar Matvælastofnunnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Djúpavogshreppi með bréfi dags. 24. janúar 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. janúar 2008, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 10. janúar 2008, veiðimálastjórn Matvælastofnunar 11. janúar 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. janúar 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 17. og 28. janúar og 6. febrúar 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að framkvæmdaraðili fyrirhugi að byggja 5,1 km langan veg með bundnu slitlagi á Hringvegi nr. 1 milli Valtýskambs og Sandbrekku í norðanverðum Hamarsfirði, Djúpavogshreppi. Vegurinn verði hannaður samkvæmt vegtegund C1, sem sé 7,5 m breiður með 7,3 breiðu slitlagi og geri ráð fyrir 90 km hámarkshraða/klst. Við framkvæmdina muni veglína færast töluvert til og liggja á 3,4 km kafla utan núverandi vegar, en á 1,7 km kafla sé um að ræða endurbyggingu og styrkingu á núverandi vegi. Fyrirhuguð veglína liggja á stuttum kafla út í sjó og um leiru, sem sé vistkerfi sem njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þá sé framkvæmdin innan 100 m fjarlægðar frá fornminjum, sem njóti sérstakrar verndar skv. þjóðminjalögum. Um 165.000 m<sup>3</sup> efnistaka sé fyrirhuguð úr vegskeringum og um 47.000 m<sup>3</sup> úr ógrónum áreyrum Hamarsár, en þar sé opin náma. Framkvæmdaraðili tekur fram að hér sé eingöngu að hluta til um að ræða framtíðarlegu vegarins, en markmið framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Hamarsfirði og tryggja greiðari samgöngur. Framkvæmdaraðili álitur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á umhverfið, framkvæmdin sé að hluta til inni á svæði sem þegar hefur verið raskað og efnistaka sé úr opinni námu.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að endurbygging vegarins muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu. Vegurinn liggja um þrjár jarðir og í nágrenni framkvæmdasvæðisins liggja byggðalína Landsvirkjunar og 11 kV háspennulína.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að landslagi við vegstæðið hafi þegar verið raskað með núverandi vegi og efni hafi verið tekið úr námunni við Hamarsá í mörg ár. Því sé ekki reiknað með að framkvæmdin komi til með að hafa mikil áhrif á landslag og útsýni séð frá nýjum vegi. Meiri líkur séu á að ásýndin breytist séð frá suðurhlíðum Hamarsfjarðar þegar núverandi vegur hefur verið jafnaður út og græddur upp. Líklegt sé að ásýnd Rauðuskriðu verði heillegri þegar vegurinn sem nú þverar skriðuna verði fjarlægður og nýr vegur liggja neðan skriðunnar.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að vegurinn liggja að hluta til um hálfgrónar skriður og land sem nýtt sé til beitar. Ekki hafi verið kannað hvort að sérstæðan

gróður eða fugla sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Gróðurlendi muni lenda undir veginum, en framkvæmdasvæðið sé nú þegar raskað af núverandi vegi. Við frágang svæðisins muni framkvæmdaraðili græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem mun raskast við framkvæmdina. Ekki sé gert ráð fyrir að áhrif vegagerðarinnar á gróðurfar verði veruleg. Framkvæmdaraðili telur að vegalagningin muni hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdum standi, en reiknað sé með að áhrifin verði óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að fyrir tilstuðlan framkvæmdaraðila hafi menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verið skráðar, heimildir hafi verið skoðaðar og svæðið kannað á vettvangi haustið 2007. Alls hafi 6 manngerðar minjar verið skráðar og mældar upp. Minjarnar séu: A) Náttugi/rétt (*Háls 159131 236 -8*) sem sé í nokkurri fjarlægð frá veglínu og því litlar líkur taldar á að framkvæmdin muni valda skemmdum. B) Djáknadys, (*Háls 159131 236 – 28*) sem friðlýst sé sérstakri þinglýsingu og merkt sem slík. Dysin og umhverfi hennar þurfi ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna verði svæðið vel merkt og tekið sérstakt tillit til þess. En þar sem dysin liggur nær gamla veginum en þeim nýja, gætu orðið meiri líkur á að hún verði fyrir skemmdum þegar sá vegur verði fjarlægður. Því þurfi að sýna sérstaka aðgát þegar jarðvegur verður fjarlægður í nágrenni hennar. C) Grjótgarður/garðlagið, (*Háls 151310236 -29*), sem farið sé að hrynja úr og hluti hans hafi verið fjarlægður við lagningu núverandi vegar. Miðað við áætlun framkvæmdaraðila um nýtt vegstæði geri hann ráð fyrir að um 30 metrar af garðinum muni hverfa vegna framkvæmdanna. Ekki sé hægt að komast hjá því nema vegstæðinu yrði hnikað ofar að núverandi vegi. Fram kemur að framkvæmdaraðili mun sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja hluta garðsins, komi til framkvæmda miðað við áætlun. D) Stekkjartóftin Stekkur (*Háls 159131 236 – 30*) sem mun skv. áætlunum hverfa alveg við framkvæmdirnar. Framkvæmdaraðili segir að ef ekki reynist mögulegt að færa til veglínuna verði sótt um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja tóftina. E) Gömul þjóðleið, (*Háls 15913102360- 59*) leifar gamla þjóðvegarins, þar sem hlutar hans séu frá því um aldamótin 1900. Hluti af veginum muni að óbreyttu hverfa undir nýjan veg, en áður verði sótt um það leyfi til Fornleifaverndar ríkisins. F) Varða/ vörðuhrúgald (*Háls 15913102360-60*), sem liggja 20 metra sunnan núverandi vegar og komi til með að hverfa undir væntanlegan veg. Verði auðsýnt að fjarlægja þurfi vörðuna verði sótt um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að samþykkt aðalskipulag Djúpavogshrepps nái eingöngu til þéttbýlis sveitarfélagsins og hafi framkvæmdaraðili því mælt til þess að sveitarstjórn veiti leyfi fyrir vegaf framkvæmdinni skv. 3. t. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Djúpavogshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, veiðimálastjórn Matvælastofnunar og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Sveitarstjórn Djúpavogshrepps telur að leiðin sem valin hafi verið valdi minnstu raski og minniháttar athugasemdum hafi verið komið á framfæri við Vegagerðina við hönnun verksins og muni þeim verða mætt.

**Áhrif á landslag.** Umhverfisstofnun bendir á að ráðgert sé að jafna út núverandi veg og telur að samhliða þessari aðgerð verði að ganga frá útvíkkuðum skeringum í Rauðuskriðum. Einnig þurfi að ganga frá sneiðing að grjótnámu á sama stað. Bent er á að við útjöfnun vegarins mætti styðjast við reynslu Vegagerðarinnar af svipaðri aðgerð við Stapafell á Snæfellsnesi. Stofnunin telur að ekki eigi að fjarlægja efni úr veginum um Rauðuskriður þar sem þar muni að líkindum frekar skorta efni til að fella saman hlíðina ofan og neðan vegar.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið fram að núverandi vegur verði jafnaður út í samráði við Umhverfisstofnun og að ekki sé fyrirhugað að nýta efni úr núverandi vegi við framkvæmdina. Bent er á að náman og sneiðingur að henni í Rauðuskriðum sé Vegagerðinni óviðkomandi.

**Áhrif á fjörur.** Umhverfisstofnun telur að þar sem ekki sé um framtíðarlegu vegarins að ræða eigi að víkja eins lítið frá núverandi vegi og kostur er sérstaklega á kaflanum milli stöðva 2700-3500. Þar sé gert ráð fyrir að vegurinn liggji niður í flæðarmál en ætti að færa nær núverandi vegi.

Í svörum Vegagerðarinnar er bent á að hæðarlega núverandi vegar á umræddum kafla sé óviðunandi. Með því að færa veginn eins og gert sé ráð fyrir, verði hæðarlega mun betri og umferðaröryggi vegfarenda meira.

**Áhrif á Hamarsá.** Matvælastofnun, veiðimálastjórn, bendir á að nauðsynlegt sé að vegna efnistöku úr áreyrum Hamarsár sé fylgt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið fram að áður en framkvæmdir hefjast verði sótt um leyfi til efnistöku úr Hamarsá samkvæmt 33. – 34. gr. laga um nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

**Áhrif á náttúruminjar.** Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þau náttúrufyrirbæri sem einkenna svæði nr. 623 á náttúruminjasrá.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins gerir nokkrar athugasemdir í umsögn sinni en að því gefnu að tillit verði tekið til þeirra telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði Fornleifaverndar ríkisins snúa að eftirfarandi menningarminjum.

Djárnadys (við stöð 2580) og gamla þjóðleiðin. Fornleifavernd ríkisins telur að dysinni og gömlu þjóðleiðinni sunnan hennar stafi ekki hætta af framkvæmdunum. Á meðan framkvæmdum standi þurfi að merkja staðinn þar sem þessar minjar eru. Verði núverandi vegur norðan við dysina fjarlægður skuli það gert undir eftirliti fornleifafræðings. Sá kafli gömlu þjóðleiðarinnar sem liggur á milli Ytri – og Innri – Sandbrekkna er upphlaðin og mun hann hverfa við framkvæmdina. Þennan hluta leiðarinnar þurfi að mæla sérstaklega upp og ljósmynda. Þá þurfi að mæla upp og teikna þau hlöðnu lokræsi í veginum sem lenda undir nýja veginum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fornleifar verði merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Ákveðið hafi verið að nýta ekki núverandi veg í framkvæmdina en hann verði jafnaður út í samráði við Umhverfisstofnun og haft

verði samband við Minjavörð Austurlands. Þá verði upphlaðinn hluti gömlu þjóðleiðarinnar mældur upp og ljósmyndaður og hlaðin lokræsi á þeim hluta leiðarinnar sem lendir undir nýjum vegi mæld og teiknuð.

Grjótgarður og stekkur í landi Háls (við stöð 420 og 480). Fornleifavernd ríkisins bendir á að grjótgarðurinn sé órofinn sunnan og norðan núverandi vegar, en við gerð hans hefur 36 metra langt skarð verið rofið í hann og muni skerðast um 30 metra til viðbótar komi til framkvæmdanna. Fornleifavernd ríkisins beinir því til Vegagerðarinnar að kanna möguleika á færslu veglínunnar á þessum stað til norðurs eða í núverandi vegstæði. Með slíkri tilfærslu þyrfti ekki að raska meira af grjótgarðinum en orðið er eða raska stekkjartóft, vestan grjótgarðsins sem að óbreyttu lendir í vegstæðinu. Ef ekki er hægt að koma í veg fyrir rask á þessum fornleifum, með því að hnika til veglínunni, telur Fornleifavernd ríkisins að grafa verði profuskurði í stekkin og ógreinilegu tóftina norðan hans til að reyna að fá hugmynd um aldur tóftanna og um hlutverk þess mannvirkis sem stóð þar sem minni tóftin er nú. Niðurstöður slíkrar rannsóknar gætu leitt til þess að ráðast þyrfti í frekari rannsóknir á tóftunum. Þá þyrfti að mæla tóftirnar nákvæmlega upp og teikna þær.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að kannaðir hafi verið möguleikar á tilfærslu veglínunnar á umræddu svæði, en vegna hæðarlegu sé slík útfærsla ógerleg. Vegagerðin fellst hins vegar á að sjá til þess að profuskurðir verði grafnir í stekkin og ógreinilegu tóftina norðan hans og muni Vegagerðin hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi rannsóknir á fornleifunum.

Fornleifavernd ríkisins minnir á að varast beri að hafa vinnubúðir eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endur – og nýbyggingu á rúmlega 5 km vegarkafla á Hringvegi, milli Valtýskamb og Sandbrekku við Hamarsfjörð í Djúpavogshreppi. Vegurinn liggur á kafla um svæði á Náttúruminjaskrá og verndarsvæðum og er framkvæmdin því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Þá er framkvæmdin innan 100 metra fjarlægðar frá fornleifum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt þjóðminjalögum og á stuttum köflum um leirur sem er vistkerfi sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum.

**Sjónræn áhrif á landslag.** Ljóst er að framkvæmdin mun hafa tímabundið rask í för með sér, sem mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þau áhrif ættu að minnka verulega að frágangi loknum og þegar Vegagerðin, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun hefur gengið frá eldra vegstæði þannig að það falli sem best að landslagi.

**Áhrif á lífríki.** Fyrir liggur að innan hluta framkvæmdasvæðisins gætir nú þegar áhrifa frá núverandi vegi, bæði á gróður- og fuglalíf. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verði óveruleg, en beinir þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að fyrirhuguð uppgræðsla gróðurlendis verði unnin í samráði við Umhverfisstofnun og jafnframt verði haft samráð við stofnunina varðandi tilhögun framkvæmdarinnar þar sem hún liggur í fjöru.

**Áhrif á menningarminjar.** Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á menningarminjar sem eru innan framkvæmdasvæðisins. Fornleifavernd ríkisins hefur sett nokkur skilyrði varðandi tilhögun framkvæmdarinnar, m.t.t. menningarminja, sem Vegagerðin hefur samþykkt. Skilyrði Fornleifaverndar ríkisins snúa að eftirfarandi menningarminjum. Djárnadys (stöð 2580) og gamla þjóðleiðin sunnan hennar verði merkt á meðan framkvæmdum stendur og ef núverandi vegur norðan við dysina verður fjarlægður verði það gert undir eftirliti fornleifafræðings. Grjótgarður og stekkur í landi Háls (stöð 420 - 460). Grafnir verði prufuskurðir í stekkin og ógreinilegu tóftina norðan hans til að reyna að fá hugmynd um aldur tóftanna og um hlutverk þess mannvirkis sem stóð þar sem minni tóftin er nú. Niðurstöður slíkrar rannsóknar gætu leitt til þess að ráðast þyrfti í frekari rannsóknir á tóftunum. Jafnframt verði tóftirnar mældar nákvæmlega upp og teiknaðar. Gamla þjóðleiðin (stöð 2500-3400). Mæla þarf upp þann hluta leiðarinnar sem er upphlaðinn og ljósmynda og mæla upp og teikna þau hlöðnu lokræsi í veginum sem lenda undir nýja veginum.

Vegagerðin telur ekki gerlegt að endurbyggja veginn í núverandi vegstæði, þar sem hann fer í gegnum grjótgarðinn í landi Háls, vegna hæðarlegu. Þar sem Vegagerðin hefur fallist á skilyrði Fornleifaverndar ríkisins telur Skipulagsstofnun að þeim uppfylltum verði áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar ásættanleg, en undirstrikar að staðið verði að henni eins Fornleifavernd ríkisins mælir fyrir um.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endur- og nýbygging Hringveggar frá Valtýskambi að Sandbrekku sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag á framkvæmdasvæðinu þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 13. mars 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

